


DELISKIPULAG VÍÐIHLÍÐAR Í GRINDAVÍKURBÆ

Óveruleg breyting á lóð Austurvegar 5 - lóðabreytingar

GREINARGERÐ BREYTINGAR

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, m.s.br. Í gildi er deiliskipulag samþykkt 10.12.2003 ásamt breytingum sem samþykktar voru 30.08.2016 (stækkun deiliskipulagssvæðis m.a. lóðabreyting), 29.06.2021 (íbúðir og félagsheimili m.a. lóðabreyting) og 18.09.2023 (skilmálabreyting). Tilefni breytingarinnar er leiðrétting í skráningu mannvirkja á lóð Austurvegar 5 L128522, þar sem hjúkrunarheimilið Víðihlíð og nýtt félagsheimili aldraðra (enn í byggingu) eru staðsett. Við yfirferð kom í ljós að skráð lóðamörk eru ekki í samræmi við breytingar sem á lóðinni hafa verið gerðar í deiliskipulagsbreytingum árið 2016 og 2021. Með þessari breytingu er verið að leiðrétta það. Sjá má á myndum 1-3 hvernig lóðamörk lóðar L128522 voru árið 2003 og hvernig þeim var breytt í deiliskipulagsbreytingum árið 2016 og 2021. Mynd 4 sýnir nýju lóðabreytinguna á uppdrætti gildandi skipulagsbreytingar frá 2016 og þá sem gerð var ofan á hana árið 2021.

PRÓUN LÓÐAMARKA



BREYTINGIN

Breytingin felst í tvennu:

- Mörkum núverandi lóðar verður breytt
- Stofnun nýrrar lóðar með nýtt staðfang

Skráð stærð lóðarinnar L128522 að Austurvegi 5 er 43.000 fm (4,3 ha). Með deiliskipulagsbreytingunni mun stærð hennar breytast úr 43.000 fm í 20.951 fm og ný lóð stofnuð upp úr henni umhverfis nýtt félagsheimili aldraðra að stærð 5.575 fm (mynd 5). Nýja lóðin fær staðfangið Austurvegur 7. Aðrar lóðir sem sýndar eru á gildandi deiliskipulagi hafa ekki verið stofnaðar og verður stofnun þeirra tekin til afgreiðslu eftir því sem uppbygging kallar á. Tvær lóðir sem afmarkaðar voru í deiliskipulagsbreytingu árið 2021 falla nú innan marka nýju lóðarinnar. Þar sem þær hafa ekki verið stofnaðar þarf ekki að gera sérstakar breytingar á skráningu þeirra. Engar aðrar breytingar eru gerðar á skipulaginu og eru öll önnur ákvæði gildandi skipulags m.s.br. enn í gildi. Breytingin hefur ekki áhrif á landnotkun, byggingarheimildir, nýtingarhlutfall eða aðra skipulagsskilmála svæðisins og varðar ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins. Þar sem eldri skipulagsuppdrættir og breytingar á þeim eru að hluta óskýrar er lóðabreytingin sýnd á myndkortu til skýringar. Þó er á mynd 4 sýnd skýringarmynd án mælikvarða þar sem

FRAMKVÆMD BREYTINGAR

Að lokinni samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar skal útbúa merkjalýsingu vegna breyttra lóðarmarka og stofnunar nýrrar lóðar.

ANNAÐ

Sprungur eru sýndar á uppdrætti til upplýsinga. Unnið hefur verið að lagfæringum á mörgum þeirra, en ekki er gerð nánari grein fyrir þeim framkvæmdum hér. Fyrirhuguð er endurskoðun skipulagsins síðar, en hún er ekki hluti af þeirri breytingu sem hér er gerð.



Deiliskipulag Víðihlíðar sýnt með bláum ramma á þéttbýlisuppdrætti aðalskipulags 2018-2032, án mkv.



Deiliskipulagsuppdráttur frá 2016 sem breyting er unnin ofan á. Rauður kassi er utan um breytinguna. Mynd ekki í mkv.


SAMÞYKKTIR

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur hlotið málsmeðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, m.s.br. Fallið var frá grenndarkynningu samkvæmt 3.mgr. 44.gr.

Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt í bæjarstjórn Grindavíkurbæjar þann 25.8.2026

Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs í Grindavík
Sigurður Kristmundsson
F.h. Bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar
Sigurður Kristmundsson, sviðsstjóri

og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann 28.8.2026.



Breyting varðar eftirfarandi skipulag:

(Í gildi er aðalskipulag Grindavíkur 2018-2032)
Deiliskipulag Víkurbrautar samþykkt 10.12.2003 ásamt

- breytingu samþykkt 30.08.2016
- breytingu samþykkt 29.06.2021
- breytingu samþykkt 18.09.2023

Upplýsingar um uppdrátt:

Verk: 003 Blaðastærð: A3
Dags: 21.8.2026 Dags. breytt: -

Unnið af: *Elisabet Bjarnad.*, sérfræðingi á skipulagssviði
Rýnt af: *Atli Geir Júlíusson*, skipulagsfulltrúi